



AUÐUR

hagfræði fyrir íslenska þjóð

Auður

hagfræði fyrir íslenska þjóð

Sýniseintak

Höfundur
Inga Lára Gylfadóttir

Stofnun um fjármálalæsi
Reykjavík 2012

Auður
Hagfræði fyrir íslenska þjóð
Inga Lára Gylfadóttir

Prentun: Guðrún útgáfa 2012
Umbrot: Þuriður Hilmarsdóttir
Myndskreyting: Halla Kristín Einarsdóttir
Ritstjóri: Pétur Blöndal
Faglegur ritstjóri: Tinna Laufey Ásgeirs dóttir
Útgefandi: Stofnun um fjármálagæsi
ISBN 978-9935-9002-2-7

Styrkt af:



Fyrir Ólöfu Ástu

Sýniseintak

Bók þessa má ekki afrita með neinum
hætti, svo sem ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á annan sambærilegan
hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs
leyfis höfundar og útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur.....bls. 10

Kafli 1
Hagfræði.....bls. 12

Kafli 2
Framleiðsla og sérhæfing.....bls. 16

Kafli 3
Vöru- og viðskipti.....bls. 26

Kafli 4 Verð
Eftirspurn og framboð.....bls. 30

Kafli 5
Verðbólga.....bls. 44

Kafli 6
Bankar.....bls. 55

Kafli 7
Vextir og verðtrygging.....bls. 64

Kafli 8
Hringrás og vöxtur.....bls. 73

Kafli 9
Hið opinbera.....bls. 82

Kafli 10
Milliríkjaviðskipti.....bls. 90

Kafli 11
Hagfræðin í tímans rás.....bls. 98

Orðskýringar.....bls. 116

Sýniseintak

Inngangur

Hagkerfi heimsins er margbætt þar sem koma saman og verða til óteljandi aðföng og afurðir í fjölbreyttu framleiðsluferli. Vörur eru framleiddar og þjónusta er veitt af einstaklingum, fyrirtækjum, ríkjum og sveitarfélögum sem fara ekki varhluta af áhrifum stjórnmálflokka, hagsmunasamtaka, stéttarfélaga, fjölmölda, skóla og hinna ýmsu stofnana laga og reglna samfélagsins.

Lítið fer fyrir almennri kennslu um hagkerfið nema hjá þeim sem kjósa að fara í sérstakar viðskipta- eða hagfræðideildir í framhalds- eða háskóla. Það er því undir okkur sjálfum komið hvort við öflum okkur þekkingar á þessu sviði. Þessi þekking er mikilvæg fyrir margra hluta sakir, bæði fyrir samfélagið og einstaklingana sjálfá. Auður, hagfræði fyrir íslenska þjóð er því skrifuð fyrir alla íslendinga sem vilja kynna sér hvernig hagkerfið virkar.

Í fyrsta lagi eykur ofangreind þekking skilning einstaklinga á samfélaginu sem þeir búa í. Yfirvöld setja leikreglur í hagkerfinu og sjá til þess að þeim sé fylgt eftir. Ákvarðanir yfirvalda hafa áhrif á þjóðfélagið og eru vel upplýstir einstaklingar mikilvægt aðhald í lýðræðisþjóðfélagi. Í öðru lagi er skilningur á hagkerfinu og einstökum þáttum þess mikilvægur fyrir einstaklinga þegar þeir taka margbreytilegar ákvarðanir um eigin fjármál í flóknú efnahagslegu umhverfi og rýna í þær hagsveiflur sem framtíðin ber í skauti sér. Bókinni er einnig ætlað að auka skilning og fjármálalæsi þeirra sem taka fyrstu skrefin að peningalegu sjálfstæði og upplýsa um afleiðingar fjárhagslegra skuldbindinga.

Farið verður yfir helstu hugtök hagfræðinnar með það fyrir augum að lesendur öðlist meiri skilning á þeim. Bókin er byggð upp á þann hátt að fyrst eru höfð til hliðsjónar einfaldari hagkerfi frá fyrr öldum, þar sem hvert heimili framleiddi fyrst og fremst til eigin neyslu ólíkt því sem við þekkjum í markaðshagkerfi nútímans. Bókin er á köflum sett fram í formi dæmisagna og ber að gæta þess að taka þeim ekki sem sögulegum staðreyndum. Megintextinn er settur þannig fram að samhengi glatast ekki þó að rastagreinum sem innihalda ítarefni við textann sé sleppt.

Einkenni þessarar bókar er umfjöllun um markaðsbúskap, það sem er flott ríki á Vesturlöndum búa við í einhverri mynd. Ekkir eru að farið sérstaklega yfir kerfi sem byggja á miðstýrðum aðeinsanðbúskap þar sem ákvarðanir um framleiðslumagn, verð og tekjuskiptingu eru að mestu teknar af ríkisvaldinu. Það er þó ekki markmið þessara skrifaa að móta skoðanir lesenda umfram þau áhrif sem nýjar upplýsingar geta óneitanlega haft. Ekki verður lögð áhersla á mismunandi stærð ríkis né ólíkar leiðir til að jafna tekjur milli einstaklinga.

Til að veita lesendum viðari sýn á hagfræðina og þróun hennar fjallar lokaklinn í stuttu máli um mismunandi hugmyndir einstaklinga í sögulegu samhengi sem hafa haft móttandi áhrif innan hagfræðinnar. Má þar nefna menn á borð við Adam Smith, Karl Marx, John M. Keynes og Milton Friedman.

Sýniseintak

Kafli 1 Hagfræði

Gæði:

Vara og þjónusta sem framleidd er, afurð.

Skortur:

Takmörkuð gæði þjóðfélagsins.

Hagkerfi:

Efnahagslíf

Hagfræðin er fjölbreytt..

Mannfólkioð reynir stöðugt að uppfylla, að því er virðist, óteljandi langanir og þarfir en stendur frammi fyrir því vandamáli að ekki er hægt að uppfylla þær allar. Til þess skortir nægilegt magn **gæða**.

Lýkilviðfangsefni hagfræðinnar snýst um glímuna við þennan skort á gæðum og valið sem hann leiðir af sér. Ef markmiðið er að hámarka velferð og hagsæld tiltekins hóps einstaklinga, s.s. þjóðar, má leita svara við ýmsum spurningum innan hagfræðinnar. Hagkerfi sem skilar árangri í að nálgast slikt markmið er sagt skilvirk.

Efni bókarinnar fellur að flestu leyti undir svið hagfræðinnar og að hluta til viðskiptafræðinnar. Báðar greinarnar tilheyra félagsvísendum sem eru sú gerð vínsinda sem snýr að rannsóknum á mönnum og samfélagi manna og eru að ýmsu leyti ólíkar náttúrvísendum að gerð. Þættir eins og orka, kraftar, hröðun og afl hafa sömu eiginleika gegnum aldanna rás. Í rannsóknar, á slikeinum eiginleikum er gjarnan skapað umhverfi þar sem engin óvissa er um aðra þætti. Annað er uppi á teningnum í félagsvísendum og óvissan meiri, enda beinast rannsóknir og kannanir að eðli mannsins og hegðun hans við ólíkar aðstæður. Í hagfræði eru í vaxandi mæli gerðar rannsóknir og tilraunir til að styðja kenningar, en stundum er ekki hægt að gera þær nema í raunheimum og þá getur verið erfitt að stjórna öllum áhrifapáttum. Mannlegt eðli er flókið viðureignar þar sem hver einstaklingur og hver hópur býr við ólíkar hefðir, gildi og ytri aðstæður, auk þess sem tímarnir breytast og maðurinn með. Þess vegna er einn mikilvægur þáttur hagfræðinnar sagan og umhverfið sem kenningarnar spretta upp úr. Í gegnum tíðina hafa efnahagsstefnur byggst á hagfræðikenningum sem reynst hafa misvel. En það gleymist oft að stjórnvöld hafa oft túlkað þessar kenningar eftir hentugleika hverju sinni. Ef illa fer er því óvist hvaða áhrif það hefur á afdrif kenningarinnar í framþróun hagfræðinnar.

Hagfræðinni er gjarnan skipt í staðreyndahagfræði og stefnuhagfræði, sem er gildishlaðnari en byggir þó á hagfræðilegum

staðreyndum. Þessi greinarmunur skýrir af hverju hagfræðingar eru iðulega ósammála um hvaða stefnu eigi að marka í efnahagsmálum. Staðreyndahagfræði útskýrir og lýsir ákveðnum þáttum og virkni hagkerfisins og er undirstaða kenninga og tilrauna. Dæmi um það er að aukin peningaprentun veldur verðbólgu sem er almennt viðurkennd kenning í hagfræði. Í stefnuhagfræði geta hagfræðingar síðan deilt um hvaða stefnu sé „rétt“ að taka varðandi peningaprentun. Einn gæti sagt að aukin peningaprentun væri réttlætanleg á krepputínum til að sporna við atvinnuleysi, annar mótmælt á þeim forsendum að verðbólgan sem fylgir óhjákvæmilega hafi aðra ókostí eins og skerðingu kaupmáttar og enn annar gæti lýst efasemdum vegna þess að áhrif peningaprentunar skila sér á löngum tíma út í hagkerfið sem gæti verið farið að jafna sig og aðgerðirnar því valdið óeðilegla mikilli uppsveiflu. Annað dæmi um stefnuhagfræði er að sí insla álitamál um íslensku krónuna sem er af sama tegund. Hagfræðingar eru sammála um að gengisfelling leiði yfirleitt til verðbólgu og rýri því kaupmátt landans á innflutnum vörum en auki um leið tekjur útflutningsgreina. Hagfræðingar deila síðan um hvort það sé ásættanleg peningastefna að erfiðleikar útflutningsgreina, efnahags- eða peningamála séu leystir með gengislækkun og tilheyrandi verðbólgu. Sumir telja festingu krónu við annan gjaldmiðil eða upptökum nýs gjaldmiðils binda hendir stjórnvalda í kreppu þegar ekki er hægt að lækka laun sem að öðru óbreyttu gæti dregið úr atvinnuleysi á meðan öðrum finnst það veita stjórnvöldum aðhald í peninga- og efnahagsmálum og leiða til langtímastefnumörkunar þar sem ekki sé hægt að nota gengisfellingu til að bjarga búi. Það er erfitt að segja að annar hafi rétt fyrir sér en ekki hinn þar sem báðir hafa nokkuð til síns máls. Hvaða stefnu hverjum og einum þykir raunhæft og réttlátt að fylgja er því byggt bæði á þekkingu á staðreyndum hagfræðinnar en einnig persónulegum gildum.

Gildismat einstaklinga eru ólík sem og hugmyndir þeirra um réttlæti heimsins, hvort þeir eru kommúnistar eða kapitalistar,



Grikir bjuggu til orðið „oikonomia“, sem verður enska orðið „economics“, en það þyddi aðallega rekstur heimilis eða búfræði.

Fyrsta íslenska hagfræðiritið var skrifað af Arnljóti Ólafssyni árið 1880 og hét það Auðfræði.





Jón Sigurðsson
forseti hefur af
sumum verið
nefndur fyrsti
hagfræðingur
Íslands en hann
skrifaði mikið
um viðskipti og
fjárfestingar bæði
innanlands sem
utan og áhrif þeirra
á íslenskt hagkerfi.

frjálslyndir eða hallir undir ríkisforsjá, trúi á jöfn lífsskilyrði eða grundvallarréttindi, séu glaðir eða úrillir, sérlífnir eða ósérhlífnir, eicingjarnir eða gjafmildir. Þar getur uppruni, menntun, búseta, fjölskyldustærð og -gerð og margt fleira spilað inn í og haft áhrif á hvað einstaklingnum finnst. Hins vegar er mikilvægt að skilja vel staðreyndir hagfræðinnar og láta þau áhrif sem sú þekking kann að hafa á gildismat vera grundvöll eigin skoðana og lífsviðhorfa. Einnig er mikilvægt að tileinka sér gagnrýna hugsun á eigin hugmyndir og skoðanir og leyfa þeim að breytast með nýjum upplýsingum. Eins og áður kom fram skoðum við fyrst og fremst staðreynnahagfræði í þessari bók og látum hvern og einn um að mynda sér skoðanir og rókræða þær.

Hagfræðin er í stöðugri þróun og þar skiptir máli að byggja nýjar og breyttar kenningar á þeim lærðomi sem dreginn hefur verið af sögunni gegnum aldirnar, bæði af því sem heppnast vel og því sem síður reynist. Það er liður í þekkingarferli sem er nauðsynlegt til að læra á umhverfið og þannig auðvelda ákváðanatökum varðandi bað hvort fýsilegt er og þá hvernig er hægt að grípa inn í atbu Þarás efnahagslifsins. Hagfræðingar vinna við að setja fram kenningar, rökstyðja og rannsaka virkni hagkerfisins, meðal annars með það að leiðarljósi að auka velferð og hag samfélagsins.

...og skiptist hún í two meginþætti.

Hagfræðin er venjulega greind í tvær megingreinar, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði. Rekstrarhagfræði fjallar um framleiðslu og neyslu á margs konar voru og þjónustu í hagkerfinu frá sjónarholi einstaklinga, heimila og fyrirtækja, hvernig ákváðanir eru teknar og hvernig samskipti eru á markaði. Þjóðhagfræði fjallar um gerð og gangverk **þjóðarbúskaparins** í heild og er markmið hennar að skýra efnahagsumverfi heimila, fyrirtækja og atvinnuvega, og þau lögmál sem heimili, fyrirtæki og markaðir lúta í sameiningu.

Sýniseintak



Þjóðarbúskapur:
Efnahagslíf þjóðar,
hagnýting auðlinda
og landgæða.

Kafli 2

Framleiðsla og sérhæfing

Í upphafi og lengi framan af framleiddu heimilin allt til eigin nota..

Á öldum áður, þegar sérhæfing hafði ekki rutt sér til rúms, var algengt víðast um heim að heimilin framleiddu að mestu sjálf aðeins til einkanota. Þar var ræktað korn, kartöflur og grænmetj, búfénaður nýttur til kjöt- og mjólkurframleiðslu og hænur til eggjaframleiðslu. Margir unnu myrkranна á milli til að framleiða nóg fyrir sig og sína. Þeir sem ekki áttu land eða húsdýr réðu sig til annarra gegn húskjöli og mat. Auður heimilanna var ekki í peningalegum eignum heldur í formi landeignar, húsdýra og uppskeru. Heimilin áttu oftast bæði aðföngin og afurðirnar sjálf. Í dag eru heimilin að mestu orðin sérhæf og viðskipti mjög mikilvægur þáttur í rekstri þeirra.

Í þessum kafla ætlum við að skoða áhrif sérhæfingar og viðskipta og til einföldunar skulum við ímynda okkur lítið land, sem vísar óskulum kalla Frón. Á Fróni eru þrír bærir og á hverjum þeirra framleiða bændurnir kjöt, kartöflur og hveiti til eigin nota. Menn hafa mismunandi hæfileika og þekkingu og aðföng geta verið misjöfn að gerð og gæðum, til dæmis skipta gæði bújarðanna miklu málí. Einn af ábúendum Fróns er bóndi að nafni Gunnar. Gunnar er ljóshærður, með blá augu og mikil héljarmenni. Annar bóndinn heitir Guðrún og er forkunnarfögor og eldklár. Þriðji bóndinn heitir Egill og er með breitt enni og miklar dökkar augabrumir, með þykkt dökkt hár og breitt nef.

Lönd þeirra eru ólík að gæðum og framleiða því mismikið og með misjöfnum tilkostnaði. Bændurnir stunda í upphafi engin viðskipti og geta því einungis neytt þess matar sem þeir sjálfir framleiða.

...en tíma og öðrum takmörkuðum þáttum þarf að dreifa milli framleiðslu ólíkra afurða..

Bændurnir hittast á förnnum vegi og fara að bera saman framleiðslugetu sína. Guðrún hreykir sér hátt og bendir á að hún sé nú ansi fær við hveitiframleiðsluna og betri en margur annar. Bregst þá Gunnar við og segist hafa tekið eftir því að fått jafnist

á við kartöfluræktina sína. Eftir nokkurn meting sín á milli fara Guðrún og Gunnar að velta fyrir sér hvort mögulega væri hægt að einfalda vinnudaginn og auka heildarmagnið með því að hætta að framleiða allt á öllum bæjunum og prófa að skipta með sér verkum. Þau myndu þá tileinka sér það sem þeim farnast best að framleiða, skipta síðan á milli sín afurðunum og þannig ná að framleiða mun meira.

Egill hefur haldið sig til hlés í rökræðunum og er efins um þessa hugmynd þar sem hann býr á stóru landi og framleiðir jafnt eða meira af öllum þessum vörum og er auk þess stærri og sterkt. Hann segir þeim að hann hafi einfaldlega yfirburði og hafi því enga þörf virir slík viðskipti. Gunnar er líka dálítið áhyggjufullur um að staðar þeins og sá sem Egill á muni einfaldlega yftartaka framleiðslu á illu og þau verða hans vinnuhjú. En sem betur fer er Guðrún nýlega búin að heyra fróðra manna kennningar úr hagfræði og er nokkuð viss um að þau geti öll hagnast á því að sérhæfa sig í því sem þeim er sérlega lagið að framleiða og skipta síðan hvert við annað. Hún setur upp eftirfarandi töflu:

Tafla 1 - Framleiðsla á dag (10 klst. vinnudagar)

	Guðrún	Gunnar	Egill	Samtals
Hveiti	9 kg (3 klst.)	2 kg (5 klst.)	16 kg (4 klst.)	27 kg
Kjöt	7,2 kg (4 klst.)	2,4 kg (3 klst.)	10 kg (2 klst.)	19,6 kg
Kartöflur	8,1 kg (3 klst.)	4 kg (2 klst.)	14 kg (4 klst.)	26,1 kg

Úr töflunni má lesa að þegar hver þarf að framleiða allt fyrir sig sjálfan getur Guðrún skipt tíma sínum þannig að hún framleiði 9 kg af hveiti, 7,2 kg af kjöti og 8,1 kg af kartöflum. Í svigunum má sjá hvernig bændurnir skipta 10 klukkustunda vinnudegi milli þessara þriggja þátta. Engin viðskipti eiga sér stað og því takmarkast neysla hvers og eins við þetta magn. Sama má lesa úr töflunni fyrir Gunnar og Egil. Síðasti dálkurinn sýnir hversu mikil þau framleiða samtals. Við fyrstu athugun virðist Egill hafa nokkurn veginn á

Framleiðni:
Magn af vörum og þjónustu, sem framleidd er á einni vinnustund.

Aðföng:
Það sem fyrirtæki þarf til framleiðslu sinnar.

Afurð:
Það sem framleitt er í fyrirtæki, framleiðsla (vara eða þjónusta), gæði.



Hér á landi var vaðmál í fyrstu mest notað til viðskipta. Það er bykt ofið ullarefni. Ákveðin lengd af vaðmáli kallaðist „alin“ og verð fólst í magni álna. Síðar voru skreid (þurrkaður fiskur) og saltfiskur einnig notuð sem gjaldmiðill.

Kafli 3 Vöru- og viðskipti

Eftir sérhæfingu þurftu vöruskipti að eiga sér stað..

Hagkerfi líkt og það sem skoðað var í kaflanum á undan er verulega einfölduð mynd af raunveruleikanum og því nauðsynlegt að bæta við þá mynd sem þar var dregin upp. Inn á hana má setja ýmsar atvinnugreinar; sjómennsku, landbúnað, framleiðslu og þjónustu. Þegar samfélagið verður stærra og fjölbreyttara verður vöruskiptahagkerfi líkt og Guðrún, Gunnar og Egill komu sér upp vandkvæðum bundið.

Guðrún gæti verið grænmetisæta og engan áhuga haft á kjöti. Ef hana langar í gulrætur verður hún að finna enhvern aðila sem selur gulrætur og langar í hveitið hennar í staðinn. Einnig gæti hún selt hveiti fyrir kjöt til að kaupa síðan gulrætur fyrir kjötið. Ef bakara langar í klippingu gæti það tekið drjúgan tím að hana hárgreiðslumann sem tekur brauð sem greiðslu eða mura. sem vantar túnbökur að finna þær í skiptum fyrir mürk. Síður snúningar tækju óratíma og viðskipti gengju hægt og illa fyrir sí í sumum tilfellum myndu viðskipti jafnvel ekki nást.

...sem gat verið flókið ferli og því koma til peningar..

Þá kemur til gagnlegur miðill sem flestir hafa í sínum fórum, en það eru peningar. Peningar leystu vandann sem fólst í að finna gagnkvæmar þarfir í viðskiptum. Fyrstu peningarnir voru notaðir af Grikkjum sem gjaldmiðill um árið 600 f.kr. Í upphafi notuðu menn gull og aðra málma því þeir voru handhægir og verðmætir þar sem vörur voru oft fluttar langar vegalengdir einungis til vöruskipta. Síður gjaldmiðill hefur innra virði og er verðmæti í sjálfu sér, sem gengur upp í vöruskiptahagkerfi, þar sem hveiti, kjöt og kartöflur hafa bæði virði í viðskiptum og innra virði sem neysluvörur. Peningar, greiðslukort og ávísanir hafa ekkert innra verðmæti. Pappírinn og plastið sem notað er í gjaldmiðilinn er tæplega nothæft ef okkur vantar pappír eða plast. Það hefur hins vegar notagildi til að kaupa ónotaðan pappír eða plast úr búð.

Við getum gengið inn í hvaða verslun sem er og afhent þennan viðurkennda pappír og sölumaðurinn afhendir með glöðu geði vöru eða þjónustu í staðinn. Slíkur gjaldmiðill, sem ekki hefur innra virði líkt og gull, er ákvarðaður af ríkinu sem ábyrgist hann.

Hann virkar þó einungis ef hann er samþykktur af öllum og notendur gjaldmiðilsins verða að bera traust til hans. Þannig er það ákvörðun allra að þessi gerð af pappír sé nothæf en ekki einhver önnur gerð.

Sýniseintak



Íslendingar áttu stundum viðskipti við sjófarendur og gátu þannig átt fjölbreyttari vöruskipti.

Kafli 4

Verð - Eftirspurn og framboð

Hagræn gæði: Vara eða þjónusta sem hefur virði og hefur verð á markaði.

Skortur:
Takmörkuð gæði
þjóðfélagsins.

Fyrir öll viðskipti þarf verðlagningu..

Verð er eitthvað sem flestir þekkja og sjá á hverjum degi. Verð er mikilvægt fyrir þá sem eiga í viðskiptum og því skiptir máli að átta sig á hvað liggur að baki verðlagningu. Við getum hugsað um verð í samhengi við fórnarkostnaðinn í öðrum kafla eða það sem við þurfum að gefa frá okkur til að eignast eitthvað annað. Þessi kafli er nokkuð torskilinn og hægt er að hlaupa yfir hann án þess að missa þráðinn. Það er þó vel þess virði að leggja í hann til að öðlast dýpri skilning á virkni markaða.

Þegar peningar eru komnar í umferð fáum við betri mælieiningu til að stunda viðskipti með þar sem þeir einfalda samanburð milli vara. Verð þekkjum við sem krónutölu sem sett er á hluta eða þjónustu sem við kaupum eða seljum. Oftast er talað um gæði, langf. eð þegar átt er við hinum ýmsu vörur, aðföng og þjónustu. Þannig eru til ýmiss konar gæði en **hagræn gæði** eru þau sem falla undir þá skilgreiningu að þau séu eftirsóknarverð en aðeins til í takmörkuðu magni og hafi því verð á markaði.

Á Vesturlöndum og viðar er markaðurinn notaður að miklu leyti til að deila þeim gæðum sem **skortur** er á en skortur er mikilvægur þáttur í myndun verðs. Ríkið er alltaf þáttakandi í markaðsbúskap en aðkoma að eignarhaldi fjármagns og framleiðslutækja er mismikil milli landa. Hugsunin á bak við markaðsbúskap byggir á því að sérhver vara fari til þess sem metur hana mest. Hér á eftir verður farið í gegnum verðmyndun í markaðsbúskap.

Í kaflanum er gert ráð fyrir að samkeppni ríki þannig að enginn einn framleiðandi á markaði hafi þá stöðu að hann geti einn stjórnað verðinu eða hafi einokunarstöðu. Einnig er gert ráð fyrir að margin framleiði nákvæmlega eins vörur. Í samkeppni er einnig gert ráð fyrir mörgum kaupendum að sömu vörunni.



Kúgildi var líkt og „alín“ notað sem verð í viðskiptum. Eitt kúgildi gat verið jafnt og 6 ær loðnar og lembdar eða 120 gildir fiskar.

..sem er háð eftirspurn vörunnar..

Líum fyrst á þá sem kaupa gæðin (vörurnar). Í daglegu tali er talað um eftirspurn og er hún breytileg milli einstaklinga vegna ólíks smekks, misjafnra væntinga og mismunandi tekna. Eftirspurn er magn tiltekinnar vöru sem kaupendur vilja og geta keypt á tilteknu verði miðað við að þættir eins og smekkur, tekjur o.s.fr. haldist óbreyttir hjá hverjum og einum. Grundvöllur verðs þegar horft er til eftirspurnar er svokallað notagildi, en það lýsir hug einstaklinga til neyslunnar. Notagildi hverrar vöru minnkar eftir því sem magnið eykst og eftirspurnarverðið er því háð því hvað síðasta eining vörunnar er notuð í og vegna þess að notagildi minnkar með magni lækkar einnig verðið. Þess vegna hallar ferrill eftirspurnar niður.

Við getum skoðað eftirspurn eftir kranavatni og gerum í því samhengi ráð fyrir að ofangreindir þættir eins og smekkur og tekjur hvers og eins séu ekki að breytast né heldur verð á sambærilegum vörum. Þá sést að ef lítið er til af kranavatni þá er notagildi vatnsins fólgjóð í því að svala þorsta og einstaklingurinn er tilbúinn að greiða hátt verð fyrir það. Ef meira vatn er í boði fer notagildi á hverri einingu af vatni minnkandi þar sem þorstanum hefur verið svalað og farið er að nýta vatnið til að vökvu garðinn. Ef enn meira vatn er í boði minnkar notagildi hverrar viðbótareiningar enn frekar þar sem nóg er til af vatni til að vökvu og það er nú notað til að þrífa stéttina fyrir utan.

Yfirlítt er ekki hægt að verðleggja vöru út frá því í hvað hún er nýtt, í þessu tilfelli kranavatnið, og því oft ekki hægt að rukka eitt verð fyrir það sem er drukkið, annað fyrir það sem fer í vökvun og þriðja verðið fyrir það sem fer í að þvo stéttina. Þess vegna er eftirspurnarverð á vatni í samræmi við það sem vatnið er síðast notað í. Mjög mikil vatn í boði leiðir til þess að verðið sem einstaklingur er tilbúinn að greiða er í samræmi við hve miklu máli það skiptir hann að þvo stéttina eða skola af bílum. Litið vatn leiðir til þess að verðið er í samræmi við það hve mikil við viljum greiða fyrir að svala þorsta okkar. Þetta samband milli mismunandi



Í áætlanabúskap Sovétríkjanna á 20. öld var það ekki markaðurinn sem var látin ráða, lögmál framboðs og eftirspurnar, heldur var verð ákveðið af nefndum.

Kafli 5 Verðbólga

Verðbólga:
Viðvarandi
hækkun verðlags.

Visitala neysluverðs:
Sýnir breytingu á
verðlagi neysluvara
milli gefinna tímabila.

Byggingarvísitala:
Mælir hvernig
kostnaður við hús-
byggingar breytist
milli gefinna tímabila.

Verðlag:
Verð á tilteknun stað,
á tilteknun flokkum
vöru eða þjónustu.

Verðhjöðun:
Viðvarandi
lækkun verðlags.

Kaupmáttur:
Geta hluta eða
tekna til að kaupa
vörur og þjónustu.

Verðið hækkar og hækkar..

Flestir hafa heyrta talað um verðbólgu svo oft að orðið fer inn um annað eyrað og út um hitt. Í nánast hverjum einasta fréttatíma eru fluttar fréttir um **verðbólgu, visitolu neysluverðs og byggingarvísitolu**, án þess að þórr almennings hafi skilning á forsendum eða tilgangi þeirra. Í þessum kafla verður farið í hvað felst í hugtakinu verðbólga og í fróðleikskóssum má finna ítarefni um visitolu neysluverðs, útreikning visitolunnar og verðbólgunnar.

Verðbólgu er ekki auðvelt að útskýra en bó má segja í stuttu máli að hún sé almenn hækkun á **verðlagi** yfir afmarkað tímabil, oftast ár. Verðbólga þýðir viðvarandi (ekki tímabundin) hækkun almenns verðlags á markaði. Þegar talað er um verðlag er átt við meðalverð vöru og þjónustu á markaði. Verðbólga þýðir að verðlag hækkar. Ef verðbólga lækkar þýðir það ekki að verð hækki lengur heldur að það hækkar minna eða hægar en áður. Ef verðlag hefst óbreytt er verðbólgan engin. Ef verðlag lækkar er talað um **verðhjöðun**. Það er mikilvægt að gera greinarmun á minni verðbólgu anna s vegar og verðhjöðun hins vegar.

Minni verðbólga þýðir að ef verðbólga var 10% eitt árið en er síðan 8% fyrir næsta ár hefur hún minnkað en verðlag heldur áfram að hækka. Verðhjöðun þýðir hins vegar að verðlag lækkar.

Bó að margir telji að lækkun verðs sé jákvæð þróun þá hefur hún sínar neikvæðu hliðar. Ef almennt verðlag lækkar, minnkar það magn sem framleiðendur eru tilbúnir að selja líkt og við sáum á framboðsferlinum sem fjallað var um í síðasta kafla, lægra verð þýðir að minna magn er í boði. Það fást líka minni verðmæti fyrir vöruna, en launakostnaður lækkar yfirleitt ekki samhliða og fyrirtæki verða því að draga úr kostnaði. Atvinnuleysi getur því fylgt í kjölfarið. Samhliða lækkun verðlags fæst meira fyrir peningana, sem þýðir að **kaupmáttur** eykst, en um leið getur dregið úr verðmæti annarra fjárhagslegra eigna, til dæmis fasteigna.

Þegar eignir tapa verðmæti sínu getur það leitt til þess að fólk dregur úr fjárfestingum. Heimili og fjárfestar leggja ekki í að setja peninga í nýja hluti af ótta við að þeir lækki í verði eftir kaupin og halda því að sér höndum. Það leiðir til þess að minna er keypt sem leiðir aftur til enn minni framleiðslu og lækkunar verðs sem eykur enn frekar á ótta við verðhjöðun. Þannig getur skapast hringrás eða vítahringur sem erfitt er að rjúfa. Það er ákjósanlegast ef hvorki er verðbólga né verðhjöðun, en í hinu risastóra hagkerfi heimsins þar sem breytingar eru örar er slíkt ómögulegt. Verðhjöðun er yfirleitt álitin erfiðari viðfangs en verðbólga og reyna flest ríki að halda verðbólgu yfir nálli og koma í veg fyrir verðhjöðun.

Guðrún skiptir á 17 kg af hveiti og 12 kg af kjöti. Kíló af hveiti kostar því 0,7 kg af kjöti. Slíkt verð kallast **hlutfallsverð** og er ólíkt peningaverði, þ.e. **nafnverði**, að því leyti að almenn verðbólga breytir h. Þótt hlutfallsverð getur breyst ef t.d. eftirspurn eða framboð annarra tiltekinna vöru breytist skyndilega meðan framboð annarra helst óbreytt. Nafnverðið gerir okkur kleift að bera saman verð á ólíkum vörum líkt og þegar verð á hveiti er 367 kr./kg en kjöti 525 kr./kg, þegar nafnverð hækkar en hlutfallsverð helst óbreytt er talað um verðbólgu. Ef verðbólga er 5% hækkar kílóverð af hveiti í 385 kr. og kjöti í 551 kr. en kíló af hveiti kostar hins vegar enn 0,7 kg af kjöti og hlutfallsverðið helst því óbreytt. Bændurnir í sögunni okkar fá enn sama magn neysluvöru fyrir framleiðslu sína en verðmiðinn í krónum talið er annar. Það má hugsa sem nýtt nafn á sama magni.



Verðbólga hefur verið viðvarandi vandamál á Íslandi allt sá fyrri heimsstyrjöld. Hún náði hæst á 9. áratug síðustu aldar þegar hún fór yfir 80%.

Hlutfallsverð:
Verð einnar vöru
tjáð sem hlutfall af
annarri vöru.

Nafnverð (nafnvirði):
Skráð verð,
peningalegt
verð á tilteknun
tímapunkti.

felst meiri nákvæmni í því að vega saman verðbreytingar á mörgum vörutegundum. Þetta er ástæða þess að vísitala neysluverðs skiptir málí. Án hennar felst samanburður á milli tímabila í nafnverði sem hefur takmarkað upplýsingagildi. Af öllu þessu má sjá að verðbólgan hefur mörg andlit og mikil áhrif á líf okkar.

Tilvísanir og heimildir

- Fjármálaráðuneytið. Skoðað 20. ágúst 2012 á:
www.fjarmalaraduneyti.is
- Hagstofa Íslands. Skoðað 20. ágúst 2012 á:
www.hagstofa.is
- Mankiw, N.G. & Taylor, M.P. (2006). Economics. London:
Thomson Learning. Bls. 575.
- Mankiw, N.G. (2007). Macroeconomics 6th edition. New York:
Worth Publishers. Bls. 377-378.



Sýniseintak

Kafli 6 Bankar

Sumir eiga peninga aflögu..

Þegar nú er komið við sögu í landi bændanna okkar þriggja hefur hagkerfið stækkað mikil og innviðir samfélagsins styrkt. Markaðurinn er notaður til verðmyndunar og peningar notaðir í viðskiptum í stað vöruskipta. Svo vel hefur gengið hjá Gunnari að hann hefur náð að safna peningum umfram það sem hann þarf að nota. Þessa peninga hefur hann falið undir gólfþjöl á bænum í þeirri von að óprútnir aðilar finni þá ekki.

..sumar vantar meiri peninga en þeir eiga..

Á meðan eru nokkrir athafnamenn með Einar nokkurn í fararbroddi sem vilja hefja eigin atvinnurekstur. Sá rekstur er fólginn í því að þeir ætla að eftast togara og stunda fiskveiðar enda gjöfum fiskimið kringum Þón. Aflan að etla þeir að selja fyrir peninga og verða sér þannig úti um tekjur til að standa straum af því sem þeir þurfa og langar að eignast. Sá ljóður er hins vegar áformum þeirra að hvort sem þeir smíða sitt eigið skip eða fjárfesta í tilbúnu skipi þarf fjármagn. Þeir sækjast því eftir að fá peninga lánaða sem þeir ætla sér síðan að endurgreiða þegar þeir afla sér tekná í framtíðinni.

..og vandasamt getur verið að ná saman hárri fjárhæð..

Einar og félagar hans þurfa því að taka lán. Þeir banka upp á hjá fólk sem líklegt þykir til að eiga peninga aflögu og biðja það að lána sér fyrir kaupunum. Í staðinn geta þeir lofað því fólk sem leggur til peninga að það fái þá endurgreidda síðar þegar togarinn er farinn að afla tekna. Þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að tekjurnar af útgerðinni muni ekki duga til að endurgreiða lánið, þá heitir Einar þeim ákveðnum vöxtum fyrir að leggja fé sitt í slíka áhættu. Því meiri sem áhættan er, þeim mun hærri eru vextirnir. Sumum líst illa á og hafna tilboðinu en aðrir láta slá standa og lána þeim peninga.

Hængur málsins er sá að þeir þurfa að ganga á milli ansi margra áður en þeir ná að safna nógú hárri upphæð, þar sem skip eru dýr fjárfesting og sparfé einstaklinga hrekkur skammt til þeirrar fjárfestingar. Hvernig þessi fjárfesting leggst í íbúa landsins er háð



Landsbanki Íslands var stofnaður árið 1886 en hann lánaði takmarkað fé og þá aðallega til landbúnaðar.

Gamli maðurinn var einu sinni ungur, en það er óvist að ungi maðurinn verði gamall, því eru gæði í hendi betri en þau sem ókomin eru. (Demokrítus 460 – 370 f.kr.)



Kafli 7

Vextir og verðtrygging

Bankar fá greidda vexti og greiða vexti..

Í síðasta kafla var mikið talað um vexti í tengslum við tekjur banka en vextir eru hugtak sem flestir þekkja. Það að spara þýðir einfaldlega að eyða ekki öllum tekjunum í neyslu og fjárfesting er að setja þennan sparnað í einhverja fjármálalega eign. Vextir eru greiðsla til þeirra sem fjárfesta og má hugsa sem leigugjald sem lántaki greiðir þeim sem á peningana fyrir að biða með að nota þá til síðari tíma. Við greiðum peninga inn í lífeyrissjóði til að eiga lífeyri þegar við hættum að vinna og höfum ekki aðrar tekjur. Einn leggur peninga inn í banka til að safna fyrir bíl, sófa eða sjónvarpi og frestar þannig neyslu sinni og þess að njóta gæðanna. Annar tekur lán fyrir bíl, sófa eða sjónvarpi því hann vill ekki bíða og er í staðinn tilbúinn að greiða öðrum þóknun í formi vaxta fyrir peningaláni til að þurfa ekki að biða. Fyrirtæki taka til dæmis lán til kaupa og endurnýjunar á tækjum, húsnæði og til að brúa tekjulægri tíma.

Í hverju láni er lánsupphæðin sjálf kölluð **höfuðstóll**. Sama á við um þá upphæð sem við leggjum inn á bankabók. Ef við notum áfram mynddiskadaemið má líta svo á að mynddiskurinn sé höfuðstóllinn. Hann er fenginn að láni og er skilað óbreyttum, það sem er borgað í leigu fyrir diskinn er þóknun sem er sambærileg við vexti þar sem eigandinn getur ekki notað diskinn á meðan hann er í láni.

..sem hafa bæði nafnvirði og raunvirði..

Gerður er greinarmunur á **nafnvöxtum** og **raunvöxtum**. Mismunurinn á þessu tvennu skýrist af áhrifum verðbólgu, líkt og önnur verð sem fjallað hefur verið um áður. Raunvextir segja okkur hvort hægt er að kaupa minna, meira eða sama magn fyrir peninginn sem var ávaxtaður. Nafnvextir eru vextirnir sem eru í samningnum og segja hversu mikið innstæðan eða lánsupphæðin hækkar.

Ef lagðar eru inn 1.000 kr. í banka í dag sem geta keypt 10 kg af gulrótum og bankareikningurinn gefur nafnvexti sem eru 5% á ári mun upphæðin á bankareikningnum hækka á einu ári í 1.050 kr. **Vaxtatekjurnar** eru því 50 kr. Ef verðbólga á árinu er einnig 5% þá geta þessar 1.050 kr. áfram einungis keypt 10 kg af gulrótum. Þá er raunavöxtun engin og raunvextir því 0%.

..en vextir byggja á mörgum þáttum..

Vextir ákváðast af ýmsu en grunnþáttur þeirra eru lægstu **fáanlegu** vextir á markaði og eru áhættuminnstir, yfirleitt sömu vextir og hægt er að fá ef keypt eru skuldabréf af ríkinu. Það eru skammtíma ríkisskuldabréf sem eru að jafnaði öruggasta fjárfesting sem við getum sett peningana okkar í.

Vextir af ýmsum bankareikningum og skuldabréfum eru síðan breytilegir og byggir það fyrst og fremst á því hversu mikil áhætta felst í fjárfestingunni. Sem fyrir segir er grunnurinn miðaður við hina áhættulausu vexti ríkisskuldabréfa en ofan á þá kemur álag í samræmi við fjárfestinguna sem um ræðir. Hluti álagsins er vegna hættu á því að peningarnir verði ekki endurgreiddir og er meðal annars háð. Því er hættu er verið að fjárfesta og þar með hver fær peningana. Íslensk álag vegna hættu að geta ekki leyst út peningana þegar þörf er á, álag vegna hættu á að vextir á markaði geti hækkað meðan peningarnir eru fastir á lágum vöxtum og álag vegna verðbólgu. Á Íslandi er sérstök verðtrygging, en nánar verður farið í það síðar í kaflanum. Hinár ýmsu gerðir af álagi eru mismunandi eftir því í hverju við erum að fjárfesta, til hve langt tíma og hver fær lánið sem aftur skapar möguleika á mismunandi ávöxtun.

Ef fjárfestir vill ekki taka áhættu getur hann lagt peningana í ríkisskuldabréf en hann fær fyrir vikið lægstu vexti sem eru á markaði. Hann getur fengið hærri vexti ef hann leggur peningana inn á bundinn bankareikning en þar er til dæmis áhætta fólin í því að peningarnir eru bundnir í tiltekkinn tíma ef eigandinn þarf skyndilega að nota þá eða í þeim tilfellum þar sem innstæðutrygging er takmörkuð er áhætta fólin í því að bankinn fari á hausinn og einhver hluti innstæðu tapist. Enn hærri vexti er hægt að fá ef fjárfestir leggur peninga í skuldabréf sveitarfélaga eða fyrirtækja og jafnvel enn hærri ávöxtun í hlutabréfum. En þar sem hærri vöxtum fylgir nær alltaf aukin áhætta getur hann lent í því að tapa jafnvel öllu sem hann lagði í fjárfestinguna.

Höfuðstóll:
Upphafleg verðmæti
eða peningaupphæð
sem sett er í fjárfestingu til að gefa arð.

Nafnvextir:
Skráðir vextir á
tiltecknum tímapunkti
án tillits til
verðlagsbreyingta.

Raunvextir:
Vextir að teknu tilliti
til verðlagsbreyingta.

Vaxtatekjur:
Tekjur af höfuðstóll
vegna vaxta.

Tilvísanir og heimildir

- Brigham, E.F. & Houston J.F. (2004). Fundamentals of Financial Management. 10th edition. Ohio: South-Western. Bls. 139-142, 270.
- Sigurður Snævarr. (2005). Haglýsing Íslands. Ritstj. Ólöf Eldjárn. Reykjavík: Heimskringla. Bls. 418-424, 433.




Sýniseintak

Kafli 8 Hringrás og vöxtur

Í hagkerfinu er hringrás milli heimila og fyrirtækja

Ef Egill ákveður að ráða til sín fólk til ýmissa starfa á bænum er vinna þess fólks aðföng í framleiðslu kjötsins. Egill greiðir starfsfólkini laun og greiðir fyrir önnur aðföng t.d. fyrir kaup eða leigu á jarðnæði og vexti til þeirra sem lána peninga til að byggja upp eða stækka fyrirtækið.

Starfsfólk, land- og fjármagnseigendurnir fá greidd laun, leigu og/eða arð og nota þá peninga m.a. í neyslu og kaupa þá vörur ýmist af Agli, Gunnari eða Guðrúnú sem nota þá peninga til að greiða starfsfólkini sínu, landeigendum o.s.frv. sem aftur kaupa vörur og þjónustu af Agli, Gunnari eða Guðrúnú. Hagkerfið á Fróni vex, fiðlbreyri ni í vöruframleiðslu verður meiri, ýmiss konar sérhæfing sem tu vop og mörkuðum er komið á fót fyrir bændurna til að selja vörur. Þær sem er auðveldara en að menn ferðist milli bæja og ýmiss konar þjónusta verður til í kringum aðila markaðarins allt frá hárgreiðslu til vörslu peninga. Guðrún ræður fólk til framleiðslu hveitis og greiðir þeim laun og selur hveitið á markaðinum. Bakari kaupir hveitið og framleiðir brauð og hárgreiðslumaðurinn klippr hár bakarans og fær greitt með peningunum sem hann fékk fyrir brauðið. Hárgreiðslumaðurinn notar þann pening til að greiða Gunnari fyrir kartöflur og svo mætti áfram telja. Þessi mynd er einföld en sýnir hvernig land, vinnufl, fjármagn, vörur og þjónusta, neysla, laun, leiga og arður streymir í eilifri hringrás í hagkerfinu.



Kafli 9 Hið opinbera

Ríki og sveitarfélög gegna hlutverki í hagkerfinu..

Í öllum hagkerfum gegnir hið opinbera hlutverki þó að það sé misstórt milli landa. Hið opinbera er samheiti yfir ríki og sveitarfélög. Ríkið sér um málefni alls landsins en sveitarfélögini, eins og nafnið gefur til kynna, sjá um málefni minni eininga.

..við að stækka kökuna og skipta henni milli þegnanna..

Hlutverk hins opinbera er margþætt en meðal hlutverka þess er að stuðla að því að þjóðarkakan stækki og að stýra því hvernig hún skiptist milli þegna þjóðfélagsins. Ríkið sinnir því verkefni með ýmiss konar gjöldum og skattlagningu ásamt félagslegu kerfi sem felst meðal annars í bótum og styrkjum.

..til þess þarf skatta, útsvar og ýmis gjöld..

Tekjur til hins opinbera koma fyrst og fremst með álagningu skatta útsvars og gjálda á fyrirtæki og heimili. Ýmiss konar skattheimta er við lýði. Skattar eru innheimtir af launum einstaklinga og hagnaði fyrirtækja. Hluti ríkisins af launaskatti kallast tekjuskattur en hluti sveitarfélaga kallast útsvar. Einig er greiddur skattur af hagnaði fyrirtækja og af vaxtatekjum peninga sem lagðir eru inn í banka eða ávaxtaðir á annan hátt. Skattur er ekki greiddur af höfuðstólnum heldur eru einungis vaxtatekjurnar skattlagðar. Hagnaður af sölu fasteigna, hlutabréfa og skuldabréfa er skattlagður og einnig arður sem greiddur er til þeirra sem eiga hlutabréf. Fleiri skattar eru þekktir en einnig ýmiss konar gjöld eins og sorphirðugjald, olíugjald, fasteignagjöld og fleira.

..en áhrif slíkrar tekjuöflunar á hagkerfið geta verið mikil..

Vegna þeirra áhrifa sem skattar og önnur gjöld geta haft á heimili og fyrirtæki er mikilvægt að hið opinbera ihugi vel hve mikið og að hvaða leyti það tekur þátt í atvinnulífinu og hvernig skattlagningu er hátað. Það er kallað **efnahagsstefna** hins opinbera hversu mikið umfang þess er og geta stjórnvöld bæði aukið eða minnkað umfangið og með því reynt að hafa áhrif á hagsveiflur. Þekkt

efnahagsstefna er til dæmis að hið opinbera þenji út starfsemi sína þegar illa árar og atvinnuleysi er mikið, en dragi úr umsvifum þegar uppsveifla er og lítið atvinnuleysi eða breyti skattlagningu til að hafa áhrif á neyslu. Önnur stefna gengur út frá því að áhrif hins opinbera séu lengi að berast út í hagkerfið. Allar tilraunir til að stjórna hagsveiflu með umsvifum ríkisins séu því lítils megnugar og því betra að biða og láta hagkerfið sjálft leiðréttá sig frekar en að grípa inn í með misjöfnum árangri. Margvisleg stefnumörkun í opinbera hluta hagkerfisins fellur undir stefnuhagfræði sem komið var inn á í upphafi bókarinnar.

Hvað er skattlagt og hversu há skattprósenta og önnur gjaldheimta er í tilteku ríki er háð stefnu þeirra ríkis- og sveitarstjórnar sem eru við vild. Ef hið opinbera er umfangsmikið í þjóðfélaginu og tekjuföfnun ríkisins eru óskar að hærra og öfugt ef umfang og tekjuföfnun er lítil. Stjórninálfakar hafa yfirleitt þekktu stefnu í skattamálum og hversu mikið þeim þykir umfangið eiga vera í rekstri hins opinbera. Mismunandi stjórnskipan má finna viðs vegar í heiminum en það sem rætt hefur verið um hér á aðallega við uppbyggingu lýðræðisríkja líkt og þau sem við þekkjum hér á Vesturlöndum.

..og hlutverkin eru mörg..

Pær tekjur sem hið opinbera aflar í gegnum skatta og gjöld eru notaðar í uppbyggingu og rekstur t.d. sjúkrahúsa, skóla, samgangna, lög- og dómgæslu, félagslegs kerfis, seðlabanka, ýmiss konar eftirlitsaðila, strætisvagna, ellihéimila, ríkissjónvarps, ríkisútvarps, hers og svo mætti áfram telja. Hve stórt hluti skatta fer í hin ýmsu mál er breytilegt milli landa en yfirleitt eru félags-, mennta- og heilbrigðismál stærsti hlutinn.

Hið opinbera gegnir stundum hlutverki þegar bregðast þarf við svokölluðum **markaðsbrestum**, en það eru gallar á mörkuðum sem verða til þess að viðskipti leiða ekki sjálfkrafa til hagfelldrar niðurstöðu. Hér má til dæmis nefna ýmis **ytri áhrif**. Ytri áhrif færð ákvæðanir og hegðun einstaklinga í horf sem hámarkar ekki

Markaðsbrestur:
Gallar á mörkuðum sem verða til þess að viðskipti leiða ekki sjálfkrafa til hagfelldrar niðurstöðu.

Ytri áhrif:
Áhrif sem valda því að verð á markaði endurspeglar ekki að fullu kostnað eða hag af framleiðslu eða sölu tiltekinnar vöru eða þjónustu.



Hið opinbera sem fer í varnarmál og lifeyrisskuldbindingar er lítið á Íslandi í samanburði við Vesturlönd.

Hið opinbera:
Samheiti yfir ríki og sveitarfélög.

Skattar:
Framlag einstaklinga og fyrirtækja af m.a. tekjum og eignum til ríkisins.

Útsvar:
Framlag einstaklinga og fyrirtækja af m.a. tekjum og eignum til sveitarfélaga.

Gjöld:
Ymsar skyldugreiðslur einstaklinga og fyrirtækja til ríkis og sveitarfélaga.

Efnahagsstefna:
Notkun á útgjöldum ríkisins og tekjuöflun þess til að hafa áhrif á efnahagslifið.

Kafli 10 Milliríkjavíðskipti

Hagvöxtur getur aukist með milliríkjavíðskiptum..

Umfang viðskipta við önnur ríki er háð mörgu. Stærð hagkerfisins skiptir máli, nálægð við möguleg viðskiptalönd, samgöngur, landamæri og tollar. Það sem skiptir mestu máli er að átta sig á gagnsemi slíkra viðskipta og þeim möguleikum sem þau bjóða upp a til að stuðla að auknum hagvexti og velferð.

Milliríkjavíðskipti eiga sér stað fyrst og fremst af því að lönd eru mismunandi og viðskipti gera ólíkum löndum kleift að byggja á hlutfallslegum yfirburðum sínum samanborið við önnur lönd. Milliríkjavíðskipti má hugsa sér á mjög svipaðan hátt og viðskiptin milli Gunnars, Guðrúnar og Egils sem fjallað var um ör. Í ðeum gætum lesið kaflann um viðskipti þeirra og hugsað okkur að hertóku þeirrá tákni mismunandi ríki eða land. Þau gætu einnig samanlæft mikla hlutfallslega yfirburði í framleiðslu landbúnaðararfurða og átt viðskipti við land sem heitir Útland sem hefur hlutfallslega yfirburði í framleiðslu á tölvum.

..óháð stærð viðskiptalanda og launakostnaði þar..

Í umræðum um samkeppnisstöðum milli landa heyrast oft þau rök gegn viðskiptum að sum lönd hafi of ódýrt vinnuafli, að önnur séu með miklu betri tækni, önnur séu svo stór, sum of lítl og að allt slíkt leiði til ójafnarar samkeppni. Oft einkennist umræðan af samanburði á allsherjaryfirburðum líkt og þeim sem um var rætt í kaflanum um viðskipti. Ef við hugsum okkur að bær Egils tákni Bandaríkin en Guðrúnar tákni Ísland getum við lesið þann kafla aftur og áttáð okkur á því að þó að Bandaríkin geti haft allsherjaryfirburði í framleiðslu allra vara og þjónustu þá getur Ísland verið með hlutfallsyfirburði í framleiðslu einhvers borið saman við Bandaríkin. Ef Bandaríkjum reyna að framleiða allt þá þurfa þeir um leið að framleiða minna af því sem þeir geta framleitt við lítinn fórnarkostnað. Þeir myndu eyða vinnustundum, auðlindum og fjármagni í að framleiða eitthvað sjálfir sem þeir gætu keypt fyrir þær tekjur sem þeir fengju af því að selja það sem þeir framleiða við minni fórnarkostnað. Þegar tvö ríki eru borin

saman hafa bæði alltaf hlutfallsyfirburði í einhverju jafnvel þó eitt geti haft allsherjaryfirburði. Þar er mikilvægast að muna hverju við erum að fórna við að framleiða tiltekna vöru.

..af því að hagræðing við sérhæfingu getur verið mikil..

Það er mikilvægt atriði í milliríkjavíðskiptum að það er mikið hagræði fólgjóð í því að allir framleiði ekki allt sjálfir. Sérhæfing sem eykur hagkvæmni í stærra samhengi þýðir ekki endilega að hver bær, borg eða land framleiði aðeins eina vöru. Slíkt er aðeins sett fram til að auka skilning á virkni viðskipta. Nær er að hver eining, hvort sem er bær, borg eða ríki, framleiði ekki allt sjálf til eigin nota heldur leggi áherslu á hlutfallslega yfirburði og kaupi þá hluti sem ekki er hentugt eða mögulegt að framleiða heima við. Það sem skipti máli er að það er hvorki hægt né hentugt fyrir Íslendinga að framleiða allt frá kartöflum til tölvuskjáa sjálfir.

Á móti kemur að það getur verið mikilvægt fyrir þjóðir að leggja ekki áherslu á of einhæfa framleiðslu því slíkt getur haft mikil áhrif á hagsveiflur þegar einhver áföll verða í ákveðinni grein. Milliríkjavíðskipti eru leið heimsins til að sérhæfa sig að einhverju leyti sem veldur því að sum lönd hverfa frá óhagkvæmum og dýrum framleiðsluaðferðum sem önnur lönd hafa hlutfallslega yfirburði í.



Hagræði:
Nytsemd, hagnaður.

Kafli 11

Hagfræðin í tímans rás

Þekking á sögu heimsins er mikilvæg fyrir alla sem vilja vera upplýstir ekki síst þegar við skoðum hagfræðina því það umhverfi sem hagfræðikenningar spretta upp úr er mikilvægur grunnur til skilnings á þeim. Þessi kafli er ekki einungis tileinkaður hagfræðikenningum heldur einnig sögulegum viðburðum sem hafa haft áhrif og mótað hagfræðina sem fræðigrein.

Til forna

Í gegnum söguna hafa menn velt fyrir sér og skeggrætt hina ýmsu þætti er varða hag og auð þjóða. Í Kína skrifði Guan Zhong rit um efnahagsmál í kringum 700 f.kr. og á Indlandi hafa fundist rit frá 400 f.kr. þar sem Indverjar m.a. velta fyrir sér milliríkjaviðskiptum. Í Bíblíunni er einnig ýmislegt að finna um samskipti í viðskiptum m.a. varðandi skuldir, vexti, hvíldardaga og meðferð þræla og lausn þeirra úr ánaud.

Á hápunktum grísku menningarinnar á 5.-4. öld f.kr. var Apóna miðpunktur. Þar skrifuðu heimspekingar um allt frá frumstæðum hugmyndum um mismunandi notagildi hluta fyrir einstaklinga til hugmynda um sérhæfingu. Þeir rökræddu einnig um sameign og séreign en heimspekingurinn Platón taldi t.d. að séreign gæti spillt valdhöfum. Aristóteles lærisveinn hans og einn upphafsmanna vestrænna vísinda skrifði um jafnræði, sanngirni og hófsemi en deildi ekki hugmyndum læriföður síns um séreign. Hann taldi að fólk færi betur með eigin eigur en annarra og að framleiðni eignar væri aukin ef eigandinn sjálfur hefur notagildi af henni.

Grikkir áttu viðskipti við Lydiú en þangað má rekja frá 7. öld f.kr. gerð fyrstu peningamytar og uppruna einkaréttar ríkis á útgáfu peninga. Þessi fyrsta mynt var gerð úr blöndu af gulli og silfri. Eðalmálmar hafa frá örðri verið eftirsótt vara. Þegar gull og silfur var notað sem viðskiptamiðill þurfti að vigtu það og athuga gæði áður en viðskipti áttu sér stað en með því að slá mynt var orðið auðveldara að eiga viðskipti. Framan af var þó hægt að klípa örlitið af hverri mynt og safna í stangir og blanda öðrum málum. Það var ekki fyrr en á 17. öld sem tæknir við peningaslátt kom í veg fyrir það.

„Þeir sem læra ekki af sögunni eru dæmdir til að endurtaka hana“. (Winston Churchill 1874-1965)



„Maðurinn helgar líf sitt því að þéna peninga, en aðeins tilneyddur, og auðæfin eru augljóslega ekki takmark í sjálfa sé; þau eru aðeins nyt samleg og miðill til að uppfylla önnur markmið.“ (Aristóteles 384-322 f.kr.)

Þú attir því að leggja fé mitt í banka.
Þá hefði ég fengið það með vöxtum begar ég kom heim. (Matteusarguðspjall 25:27)



Rómaveldi rís

Rómaveldi var byggt upp af borgrikjum sem voru nokkurs konar verslunar- og stjórnunarmiðstöðvar og þar var stunduð verslun og handverk. Rómverjar byggðu vegin og staekkuðu þannig markað sinn og minnkuðu flutningskostnað auk þess sem kristið trúboð átti greiðari leið um Rómaveldi. Rómaveldi var byggt á miklum auði og séreignarskipulagi sem var virt í lögum, svokölluðum Rómarrétti.

Inn í miðaldir

Germanir bjuggu norðan við Rómaveldi og á 2. öld hófu þeir að ráðast oftar og ákafar á Rómverja. Í baráttu við þá þurfti sterkari her og leiðir keisaranna til að fjármagna hernaðinn var að blanda gullið við ódýrarí málma og hækka skatta. Þetta leiddi til svo mikillar verðbólgu að vöruskipti urðu á ný helsti viðskiptamáti. Borgarastyrjaldir innan ríkisins urðu einnig tiðari. Viðskipti lögðust ríki og smærri bændur létu jarðir sínar í hendur stórbænda í skipum yfir vernd innan veggja byggðarinnar. Þessi samfélög toku að einangrast og fóru að byggja meira á sjálfsþurftarbúskap. Reynt var að hindra þessa þróun með því að banna fólk að skipta um atvinnugrein og hver varð að sinna sínu starfi og synir taka við starfi fóður síns. Þetta er talið vera upphafið að því stéttarsamfélagi sem var við lýði allt fram á 19. öld.

Aldirnar sem fylgdu eru kallaðar miðaldir og einkenndust af efnahagslegri hnignun, minnkandi lífsgæðum og menntunarstigi. Þetta tímabil hefur verið nefnt af sumum „myrku aldirnar“ vegna þessa. Vald var mjög dreift í lénskerfinu og fjöldi smárikja myndaðist sérstaklega á svæðum þar sem í dag má finna Þýskaland og Ítalíu.

Áhrif kirkjunnar á miðöldum

Í lénskerfinu var ekki eiginleg miðstjórn heldur byggði það á fjölda smásetra sem snérust um gagnkvæmar skyldur og þjónustu. Stærsti landeigandi á miðöldum í Evrópu var kaþólska kirkjan sem boðaði trúna um álfuna og var hún helsta sameiningartákn og í raun eina stjórnálaflíð sem hafði viðtæk völd og páfagarður varð miðpunktur þessa afts.